

um athugasemdir við Landsreikningana 1912 og 1913.

Nefndin hefir nákvæmlega yfirfarið athugasemdir endurskoðunarmanna, svör ráðherra og tillögur endurskoðunarmanna, og lætur uppi álit sitt á þessa leið:

Það leynir sjer ekki, að endurskoðunarmenn hafa yfirfarið alla reikninga mjög nákvæmlega, enda eru athugasemdirnar ekki færri en 93 við reikninginn 1912, en 82 við reikninginn 1913.

Athugasemdirnar hafa flestar verið formlegs efnis og hafa endurskoðunarmenn, eftir að hafa athugað svör ráðherra, alloftast fallist á, að svo húið mætti standa. Hitt annað, sem nokkra reikningslega þýðingu gat haft, hefir ýmist verið upplýst með svörunum eða leiðrjett samkvæmt athugasemdum. En þrátt fyrir það þótt litið sje, sem á milli ber, hefir nefndin þó fundið ástæðu til að koma fram með eftirfarandi athugasemdir og tillögur út af þeim.

1912.

I. Tækjubálkurinn.

Við 17. lið.

Svarið við athugasemdinni við þenna lið virðist ófullnægjandi, og telur nefndin nauðsynlegt að gangskör sje gerð að því að innheimta ógreidda vexti frá f. á. Sömuleiðis er nauðsynlegt að alvarleg tilraun sje gerð til þess að innheimta eftirstöðvar af skuld hlutafjelagsins »Iðunn«.

II. Gjaldabálkurinn.

Við 21. lið.

Með því að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fer stöðugt vaxandi ár frá ári, t. d. árið 1912, 1873 kr. 75 aur. fram yfir það sem lögá-kveðið er, þá virðist ástæða til að skora á stjórnina, að gera sitt itrasta til að slíkur kostnaður verði sem minstur framvegis.

Við 38. lið.

Út af ágreiningi, sem orðið hefir milli endurskoðunarmanna og stjórnarráðsins, vill nefndin taka það fram viðvíkjandi umframgreiðslu til viðhalds flutningabrauta, að upphæð 1260 kr. 3 aur., að í þessu tilfelli virðist ekki nauðsynlegt að leita aukafjárveitingar. Þar sem svipuð upphæð hefir sparast á öðru vegafje, en viðhald það, sem hjer er um að ræða, nauðsynlegt.

Við 48. lið

Í svari stjórnarinnar við þenna lið, er gert ráð fyrir að leita verði aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum fram yfir áætlaðar fjárupphæðir til kostnaðar við landsímamann, að upphæð 23070 kr. 39 aur., en í fjárukalögunum verður ekki sjeð að leitað hafi verið aukafjárveitingar fyrir meiri upphæð en 14427 kr. 92 aur. Fyrir mismuninum, 8642 kr. 47 aur., ætti því að leita aukafjárveitingar.

Við 84. lið.

Umfram aukafjárveitingu í fjárlögunum 1912 og 1913 hefir verið greitt: Til salsgæsluaðstoðar í Landsbókasafninu veturinn 1911—12 kr. 333,33 Fyrir þessari fjárveitingu telur nefndin rjett að leitað sje aukafjárveitingar.

1913.

I. Tekjubálkurinn.

Við 9. lið.

Nefndin felst að visu á ástæður og tillögur endurskoðunarmanna við þenna lið, en telur þó ekkert á móti því að stjórnarráðið hagi þessu á sama hátt og verið hefir, ef það telur það hagkvæmast.

Við 11. lið.

Nefndin getur ekki sjeð ástæðu til þess, að aðrar reglur gildi fyrir Reykjavíkur-símamann, að því er reikningsfærsluna snertir, en aðra síma landsins, og telur rjett að reikningur landsímastjórans taki yfir tekjur og gjöld allra símanna ár hvert.

II. Útgjaldabálkurinn.

Við 24. lið.

Nefndin finnur ástæðu til að benda á, að kostnaður til eldiviðar og ljósa á bændaskólanum á Hólum hefir farið 689 kr. 40 aur. fram yfir fjárveitingu, og ýmisleg útgjöld bændaskólans á Hvanneyri 655 kr. 35 aur. fram yfir fjárveitingu. Þessar greiðslur og fleira reikningunum viðvíkjandi virðist gefa ástæðu til þess, að nánara eftirlit sje haft með skólum þessum framvegis.

Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að eftirliti með skólum þessum verði hagað á sama hátt og áður, á meðan þeir stóðu undir eftirliti amtsráðanna.

Við 25. lið.

Með því að skrifstofukostnaðurinn við æðstu stjórn landsins hefir enn þá farið gifurlega vaxandi, leyfir nefndin sjer, um leið og hún vísar til athugasemdarinnar við 21. lið útgjaldabálksins 1912, að láta það álit í ljósi, að slík aukning sje óhófleg og isjárverð, og væntir þess að gerðar verði ráðstafanir til þess að slíkur kostnaður fari ekki vaxandi framvegis.

Við 45. lið.

Með því að engri fastri reglu sýnist vera fylgt með dagpeninga vitaum-sjónarmanns og fleiri starfsmanna landsins, og 6—8 krónur, eins og tíðkast hefir, verður að álitast óþarflega hátt, þegar þess er gætt að menn þessir hafa fóst laun og fá greiddan ferðakostnað, vill nefndin leggja til að dagpeningar verði framvegis ekki hærri en 5 krónur.

Við 61. lið.

Þar sem reikningar Þjóðmenjasafnsins og Landskjalasafnsins koma ekki heim við Landsreikninginn, þannig, að söfnin hafa ekki notað til fulls upphæðina, er þeim var ætluð, en hún hinsvegar öll tilfærð í Landsreikningnum, þá hefir nefndin að visu ekkert á móti því að upphæðin sje greidd að fullu, en telur sjálfsgagt að forstöðumenn safnanna geri grein fyrir því, til hvers peningunum er varið.

Við 69. lið.

Með því að í Landsreikningnum fyrir 1913 eru ekki tilfærðar neinar tekjur af efnarannsóknarstofunni, væntir nefndin þess að þær verði tilfærðar á næsta reikningi, og vill jafnframt skora á stjórnina að sjá um, að reikningar efnarannsóknarstofunnar verði framvegis afgreiddir svo tímanlega, að tekjurnar (75%) geti komist í Landsreikninginn það ár, er þær tilfalla.

Við 77. lið.

Út af ummælum Stjórnarráðsins um að Alþingi beri að taka ákvörðun um niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði, sem landssjóður hefir að veði fyrir 30 þúsund krónum og fjárnám hefir nú verið gert í, leggur nefndin til að reynd verði sala á eign þessari, svo fljótt sem því verður við komið, og að öðru leyti rannsakað hvort eigandiinn er ekki fær um að greiða það sem á kann að vanta.

Viðvikjandi upphæðum þeim, hjer að framan, sem nefndin telur rjett að aukafjárveitingar verði leitað fyrir, mun hún koma fram með viðaukatil-lögur við fjáráukalögin fyrir 1912 og 1913.

Ef eitthvað það væri, sem ekki þætti nægilega upplýst í athugasemd-unum hjer að framan, vísar nefndin til athugasemdanna við Landsreikningana 1912 og 1913.

Nefndin finnur svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en

leyfir sjer að koma með tillögur út af athugasemdunum hjer að framan á þingskjali 345.

Alþingi 14. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf,
formaður.

Hjörtur Snorrason,
skrifari.

M. J. Kristjánsson,
framsögumaður.